

S A M Þ Y K T

um

54
4. júlí

viðauka við samþykkt 9. nóv. 1920 um lokun sölubúða í Siglufjarðarkaupstað.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist:

Mánuðina júní, júlí, ágúst og september sje þó vínsölustaður lokaður á laugardögum. Aðra daga virka sje vínsölubúð aðeins opin frá kl. 10. f. m. til kl. 6. e. m.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

*Vigfús Einarsson.***S A M Þ Y K T**

fyrir

55
9. júlí**Áveitufjelag Aðaldæla.**

1. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Grenjaðarstaðar, Kraunastaða, Múla, Grímshúsa, Norðurhlíðar, Hellulands, Syðra-Fjalls, Ytra-Fjalls, Hólmavaðs, Hafralækjar, Ness, Jarlsstaða, Garðs, Tjarnar, Knútsstaða, Núps, Laxamýrar, Austurhaga, Haga, Ysta-Hvamms, Mið-Hvamms, Hrauns, Brekku, Klambra og Presthvarms.

55
4. júl

2. gr.

Vatn er tekið úr Laxá á þessum stöðum :

1. Með skurði úr Laxárgljúfrum á tún og engjar Grenjaðarstaðar;
2. með stíflu þvert yfir Laxá úr Harkateigahorni á engjar Múla, Krauna-
staða, Grímshúsa, Norðurhlíðar og Hellulands;
3. með stíflum milli Hafurseyjar og Grímshúsahólma og úr honum í Lands-
enda norðan Eyvindarlækjar, á engjar Múla, Syðra-Fjalls, Ytra-Fjalls,
Hólmavaðs, Hafralækjar, Garðs, Ness og Jarlsstaða;
4. með skurði á Straumeyjarhæðum á Jarlsstaða og Tjarnarengjar;
5. með stíflu norður úr Skáley í Þórunnarey á engjar Norðurhlíðar, Prest-
hvamms, Hrauns, Ysta-Hvamms og Grenjaðarstaðar (Engey);
6. með stíflu milli meginlands að norðan og Hraunshólma; Hraunshólma og
Háeyjar, Háeyjar og lands á engjar Hrauns, Miðhvamms og Brekku;
7. með skurði á Klambraengi;
8. með skurði úr Laxárgljúfrum á tún og engjar Presthvamms.

Auk þessa er í ráði að veita vatni úr Laxá á þessum stöðum :

9. Með stíflu á Vallavaði á engjar Ytra-Fjalls, Hólmavaðs, Hafralækjar,
Garðs, Ness og Jarlsstaða;
10. með stíflu norðan við Hólmavað á engjar Haga, Austurhaga, Hólmavaðs,
Ness og Jarlsstaða;
11. með stíflu sunnan við Knútsstaði á engjar þeirrar jarðar;
12. með stíflu í Núpahólma og skurði hjá Ytrihöfða á Núpaengjar;
13. með stíflu úr Eskiey á Mýrarselsbakka (Laxamýrarbakka);
14. með skurði á Laxamýrrengjar (Laxamýrina);
15. með skurði úr Langeyjarkvísl á engjar Haga;
16. með stíflu milli Skáleyjar og Hafurseyjar til styrktar Skáleyjarstíflu.

Þá er hinar ráðgerðu áveitur undir tölul. 9—16 eru á komnar, skulu þær hlíta sömu lögum og reglum og þær, er þegar eru gjörðar. Breyta má um áveitustaði í samráði við stjórn og áveitustjóra fjelagsins.

3. gr.

Rjett til áveitu úr Laxá hafa allir búendur eða umráðamenn framan-
greindra jarða, — enda sju þeir skyldir að þola áveituna samkvæmt gild-
andi áveitulögum, — eftir þeim fyrirmælum, sem samþykkt þessi gerir, og hafi
þeir allir fjelagsskap sín í milli, er nefnist „Áveitufjelag Aðaldæla“, sem
hefir heimilisfang og varnarþing að Ytra-Fjalli í Aðaldal.

Tilgangur fjelagsins er :

1. Að færa sjer áveiturnar sem best í nyt eftir þörfum og aðstöðu, og sporna
við, að vatnið renni ónotað í ána aftur.
2. Að tryggja rjettláta skifting vatnsins á áveitusvæðinu.
3. Að gæta rjettar áveitufjelagsins gagnvart öðrum þeim, er nota Laxá til
áveitu með því að sjá um :

Að þeir taki ekki of mikið af vatnsmagni árinna;
að þeir haldi því ekki svo lengi að áveitufjelaginu sje tjón að, og
að þeir hleypi vatninu ekki þannig af, að það geri skaða á engjum og
mannvirkjum á og meðfram Laxá.

55
4. júlí

4. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 5 menn, er kosnir skulu á aðalfundi. Gengur 1 úr eftir hlutkesti að ári liðnu; 2 á næsta ári eftir sömu reglu, og þeir 2, sem þá eru eftir, að liðnu þriðja árinu, og síðan eftir sömu röð. Stjórnin skiftir sjálf með sjer verkum.

5. gr.

Aðalfund áveitufjelagsins skal halda fyrir miðjan maí ár hvert. Skal þar framlagður reikningur þess fyrir umliðið ár og sje hann endurskoðaður af þar til kjörnum mönnum, er aðalfundur tilnefnir. Þar skulu og teknar ályktanir um framkvæmdir fjelagsins á komanda ári. Lögmatgur er fundur, ef helmingur fjelaga er mættur; $\frac{2}{3}$ hluta mættra atkvæða þarf til samþyktar á fjelagsmálum, og til lagabreytinga. Stjórnarfund skal halda, ef einhver úr stjórninni æskir þess. Heimilt er stjórninni að kveða til aukafundar ef þörf krefur, en skylt ef $\frac{1}{4}$ fjelaga æskja þess. Atkvæðisrjett um fjelagsmál hafa allir búendur framangreindra jarða.

6. gr.

Kostnað við áveiturnar bera þeir hver í sínu lagi, er þær nota, í hlutfalli við engjastærð, sem þær ná yfir og heyauka. Verði ágreiningur, ber að leggja hann undir úrskurð áveitufjelagsstjórnar en að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum.

7. gr.

Öllum sameiginlegum kostnaði við áveiturnar skal stjórnin skifta milli jarða eftir stærð, heymagni og bótum þess lands, er vatn næst á. Ber henni að láta mæla alt það land og leggja í ákveðnar hlutdeildir, og leggur síðan það mat til grundvallar kostnaðarskipting sinni. Kostnað við mælingarnar ber hver einstakur fjelagsmaður á sínu landi.

Að öllum jafnaði verður ekki annar sameiginlegur kostnaður en sá að gæta rjettinda og hagsmuna fjelagsins í heild sinni, auk launa áveitustjóra.

8. gr.

Stjórn fjelagsins skal ráða einn mann til að hafa yfirumsjón með öllum vatnsveitingum fjelagsins, og nefnist hann áveitustjóri. Skulu allar aðaláveitur samkvæmt 2. gr. gjörðar í samráði við hann. Segi hann fyrir um, í hvaða

55 röð áveitur sjeu gjörðar árlega á áveitusvæðinu. Ber vatnsnotendum að hlíta 9. júlí fyrir mælum hans, en skjóta mega þeir máli sínu til fjelagsstjórnar, ef ágreiningur verður.

9. gr.

Enginn má án vitundar og samþykkis umsjónarmanns raska á nokkurn hátt mannvirkjum þeim, er teljast til áveitunnar, svo það hafi áhrif á renslí eða stöðu vatnsins.

10. gr.

Allan sameiginlegan starfskostnað skal fjelagsstjórn innheimta með nægum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslu, er heimilt að taka gjöldin lögtaki.

11. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta fjelaginu, og fer þá um tillögur þar að lútandi sem um tillögur til breytinga á samþykkt þessari.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari verðar sektum 1,00—200,00 kr., og renna sektirnar í sjóð áveitufjelagsins.

13. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er gjörð og samþykkt samkvæmt lögum um vatnsveitingar 22. nóvember 1913, staðfestist hjer með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.